

# LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 23. október 2020.

Mál nr. 367/2019:

## Ákærvaldið

(Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari)

gegn

## Kristínu Valgerði Gallagher

(Pormóður Skorri Steingrímsson lögmaður)

## Lykilorð

Brot í opinberu starfi. Refsiheimild. Friðhelgi einkalífs.

## Útdráttur

K var sakfelld fyrir brot í opinberu starfi fyrir að hafa, í starfi sínu sem landamæravörður, útrekað flett upp tveimur tilgreindum einstaklingum í lögreglukerfinu (LÖKE) og skoðað þar upplýsingar um þau og lögreglumál þeim tengd án þess að uppflettingarnar hafi tengst starfi hennar. Var háttsemin talin varða við 139. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Var henni gert að greiða 100.000 króna sekt í ríkissjóð innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins en sæta ella átta daga fangelsi í stað sektarinnar.

## Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Arnfríður Einarsdóttir, Davíð Þór Björgvinsson og Jón Höskuldsson.

## Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Ríkissaksóknari skaut málinu til Landsréttar 15. maí 2019 í samræmi við yfirlýsingu ákærðu um áfrýjun. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjaness 31. janúar 2019 í málinu nr. S-[...]/2017.
- 2 Ákærvaldið krefst þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur um sakfellingu ákærðu og um refsingu hennar.
- 3 Ákærða krefst sýknu af kröfum ákærvaldsins.

## Málsatvik og sönnunarfærsla

- 4 Í málinu er ákærðu gefið að sök brot í opinberu starfi sem landamæravörður með því að hafa á ákveðnu tímabili útrekað flett upp málum í lögreglukerfinu (LÖKE) sem tengdust A, fyrrum unnusta ákærðu og B, sem ákærða hafði átt í samskiptum við vegna lögreglumáls og skoðað þar upplýsingar um þau og lögreglumál þeim tengd, án þess að uppflettingarnar tengdust starfi hennar sem landamæravörður. Hafi ákærða

þannig misnotað stöðu sína með þeim afleiðingum að hallaði á réttindi þeirra. Var háttsemi ákærðu talin varða við 139. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

- 5 Með dómi Héraðsdóms Reykjaness 30. nóvember 2017 í máli nr. S-262/2017 var ákærða sakfelld á grundvelli játningar sinnar. Saksóknari áfrýjaði málinu í samræmi við yfirlýsingu ákærðu um áfrýjun að fengnu áfrýjunarleyfi. Með dómi Landsréttar 11. maí 2018 í máli nr. 71/2018 var dómur héraðsdóms ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar á ný með vísan til þess að játning ákærðu hefði ekki verið skýlaus í skilningi 1. mgr. 164. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.
- 6 Með hinum áfrýjaða dómi 31. janúar 2019 var ákærða sakfelld fyrir brot það sem henni er gefið að sök og refsing ákveðin 100.000 króna sekt. Þá var henni gert að greiða þóknun verjanda síns vegna meðferðar málsins eftir heimvísun þess til héraðsdóms, en sakarkostnaður skyldi greiðast að öðru leyti úr ríkissjóði.

### **Niðurstaða**

- 7 Atvik málsins eru rakin í hinum áfrýjaða dómi. Þar er jafnframt gerð grein fyrir framburði ákærðu og vitna við aðalmeðferð málsins í héraði. Í skýrslu sinni fyrir héraðsdómi játaði ákærða að hafa ítrekað flett upp málum í lögreglukerfinu tengdum umræddum aðilum svo sem nánar er lýst í ákæru. Hún hefur á hinn bóginn neitað því að hafa með því aflað sér eða öðrum ávinnings eða hallað á réttindi A og B.
- 8 Sú háttsemi ákærðu, sem hún hefur játað, er í ákæru talin varða við 139. gr. almennra hegningarlaga. Þar segir að hafi opinber starfsmaður, í öðrum tilfellum en annars er lýst í ákvæðum XIV. kafla laganna, misnotað stöðu sína sér eða öðrum til ávinnings eða til þess að gera nokkuð það, sem hallar réttindum einstakra manna eða hins opinbera, varði það sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.
- 9 Í XIV. kafla almennra hegningarlaga eru ákvæði um brot í opinberu starfi. Lúta ákvæðin að þeim tilfellum þegar opinber starfsmaður misnotar aðstöðu sína með saknæmum hætti. Ákvæði 139. gr. almennra hegningarlaga lýsir broti þar sem verknáðaraðferðin felst í því að sá sem gegnir opinberu starfi misnotar þá aðstöðu sína sér eða öðrum til ávinnings eða hallar með misnotkuninni réttindum annarra. Af orðalaginu verður ráðið að nægilegt sé að öðru skilyrðinu sé fullnægt til að brot teljist fullframið.
- 10 Ákærða gegndi opinberu starfi sem landamæravörður og hafði vegna þess aðgang að lögreglukerfinu (LÖKE) við starf sitt. Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi staðfesti ákærða fyrir dóminum að við upphaf starfa hennar sem landamæravörður hefðu henni verið kynntar reglur um aðgang og notkun landskerfa lögreglu. Í málinu liggur einnig fyrir skrifleg yfirlýsing ákærðu um að hún hafi kynnt sér þessar reglur. Í yfirlýsingunni er áréttað að notendum sé óheimilt að gera fyrirspurnir um mál eða einstaklinga sem tengjast ekki málum sem þeir vinna við eða þurfa ekki á að halda í þágu starfa sinna. Þá kemur fram að starfsmaður sem geri fyrirspurn í landskerfi

lögreglunnar geti búist við því að verða síðar spurður um ástæður fyrirspurnar. Þá er og áréttað að óheimilt sé að nýta upplýsingar úr landskerfunum í eigin þágu.

- 11 Ákærða hefur játað að hafa gert fyrirspurnir í lögglukerfinu um nánar tilgreinda einstaklinga án þess að það hafi tengst starfi hennar. Með því braut hún gegn skilmálum sem voru settir fyrir aðgengi hennar að kerfinu og hún hafði kynnt sér og fallist á við upphaf starfa sinna. Misnotaði hún með því aðstöðu sína sem landamæravörður.
- 12 Krafa ákærðu um sýknu er aðallega á því byggð að hún hafi ekki hallað réttindum þeirra einstaklinga sem um ræðir. Í verknaðarlýsingu í ákæru er ekki á því byggt að ákærða eða aðrir hafi haft ávinning af misnotkuninni í skilningi 139. gr. almennra hegningarlaga.
- 13 Skilmálar þeir sem ákærða gekkst undir við upphaf starfa hennar miða meðal annars að því að vernda friðhelgi einkalífs þeirra sem skráðir eru í kerfið, en um er að ræða mikilvæg réttindi einstaklinga sem meðal annars eru varin í 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur var með lögum nr. 62/1994. Með því að afla sér upplýsinga um fyrrgreinda einstaklinga án þess að það tengdist starfi hennar sem landamæravörður hallaði hún réttindum þeirra til friðhelgi einkalífs án þess að lögmætar ástæður stæðu til þess. Skiptir þá ekki máli þótt ekki liggi fyrir í málinu að hún hafi miðlað þeim til annarra eða nýtt sér á annan hátt. Að þessu gættu og að öðru leyti með vísan til forsendna héraðsdóms verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur um sakfellingu ákærðu og um refsingu.
- 14 Staðfest er ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað. Um kostnað af rekstri málsins fyrir Landsrétti fer sem í dómsorði greinir.

### **Dómsorð:**

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærða, Kristín Valgerður Gallagher, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, 628.124 krónur, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þormóðs Skorra Steingrímssonar lögmanns, 496.000 krónur.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjaness fimmtudaginn 31. janúar 2019**

Mál þetta, sem dómtekið var 7. desember 2018, höfðaði héraðssaksóknari með ákæru 31. júlí 2017 á hendur ákærðu, Kristínu Valgerði Gallagher, kennitala [...], [...], Reykjanesbæ;

„fyrir brot í opinberu starfi, sem landamæravörður í landamæradeild lögreglustjórans á Suðurnesjum, með því að hafa á tímabilinu frá 17. september 2015 til 21. mars 2016 ítrekað flett upp málum í lögglukerfinu (LÖKE), tengdum A, kennitala [...], fyrrum unnusta ákærðu og B, kennitölu [...], sem ákærða hafði átt í samskiptum við vegna lögglumáls, og skoðað þar upplýsingur um þau og lögglumál þeim tengdum, án þess að uppflettingarnar tengdust starfi hennar sem landamæravörður, og

Þannig misnotað stöðu sína með þeim afleiðingum að hallaði á réttindi A og B. Uppflettingar ákærðu voru sem hér greinir:

Dagsetning	Leitarskilvörð	fjöldi mála opnuð
17. sep. 15		3
22. sep. 15		3
22. sep. 15		7
12. nóv. 15		2
12. nóv. 15		5
6. des. 15		2
6. des. 15		5
23. des. 15		1
23. des. 15		2
23. des. 15		2
17. jan. 16		2
17. jan. 16		2
29. jan. 16		1
29. jan. 16		2
29. jan. 16		1
29. jan. 16		1
29. jan. 16		5
29. jan. 16		1
12. feb. 16		1
12. feb. 16		2
22. feb. 16		1
22. feb. 16		4
8. mar. 16		1
8. mar. 16		2
21. mar. 16		2

Telst þetta varða við 139. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Í málinu krefst ákærða aðallega sýknu af kröfum ákærvalds en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa.

## I

Um miðjan aprílmánuð 2016 bárust C, þáverandi lögreglufulltrúa, ábendingar um að ákærða væri að fletta óeðlilega mikið í lögreglukerfinu milli þess sem hún annaðist vegabréfaskoðun í vegabréfahliðum. Frumkönnun á réttmæti þessara ábendinga leiddi í ljós fjölda uppflettinga ákærðu í kerfinu sem lögreglu virtust ekki tengjast starfi hennar sem landamæravörður.

Með bréfi 28. apríl 2016 vísaði lögreglustjórinn á Suðurnesjum máli ákærðu til héraðssaksóknara. Í bréfinu kom fram að embættið hefði að höfðu samráði við ríkislögreglustjóra hafið athugun á uppflettingum ákærðu í lögreglukerfinu. Við þá skoðun hefði komið í ljós að svo virtist sem ákærða hefði ítrekað opnað mál sem voru henni óviðkomandi og leitað eftir nöfnum og kennitölum aðila sem henni tengdust.

Skýrsla var tekin af ákærðu hjá héraðssaksóknara 18. júlí 2016. Við skýrslugjöfina viðurkenndi ákærða að hafa margítrekað flett upp málum í lögreglukerfinu sem ekki tengdust starfi hennar. Spurd um ástæðu þessara flettinga svaraði ákærða því til að einkum hefði einungis verið um forvitni að ræða. Í nokkrum tilvikum hefði ákærða þó verið að afla sér upplýsinga um aðila sem hún hefði óttast. Sagðist ákærða ekki hafa miðlað þeim upplýsingum sem hún komst yfir með þessum hætti til annarra.

Rannsókn málsins lauk í ágúst 2016. Hinn 31. júlí 2017 gaf héraðssaksóknari út ákæru á hendur ákærðu. Sakamál á grundvelli ákærunnar var þingfest hér fyrir dómi 4. október 2017. Í þinghaldi 19. sama mánaðar var bókað eftir ákærðu að hún viðurkenndi skýlaust að hafa gerst sek um þá háttsemi sem henni væri gefin að sök í ákæru. Með dómi 30. nóvember 2017 var ákærða sakfelld fyrir þá háttsemi sem henni er gefin að sök í málinu og henni gert að greiða 100.000 króna sekt, auk sakarkostnaðar. Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar Íslands 28. desember 2017 í samræmi við yfirlýsingu ákærðu um áfrýjun að fengnu áfrýjunarleyfi. Þaðan barst málið til Landsréttar 5. janúar 2018. Með dómi Landsréttar 11. maí 2018 var hinn áfrýjaði dómur ómerkjur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar á ný. Sá dómari sem nú dæmir málið fékk málið síðan til meðferðar 17. september 2018. Var málið dómtekið öðru sinni 7. desember 2018 að lokinni aðalmeðferð.

## II

Við fyrirtöku málsins 17. september 2018 var eftir ákærðu bókað að hún viðurkenndi að hafa ítrekað flett upp málum í lögglukerfinu tengdum A og B og skoðað þar upplýsingar um þau og lögglumál þeim tengd, svo sem nánar væri lýst í ákæru, án þess að uppflettingarnar tengdust starfi hennar sem landamæravörður. Ákærða neitaði hins vegar að með þessu hefði hún misnotað stöðu sína með þeim afleiðingum að hallaði á réttindi A og B. Með vísan til þessa kvaðst ákærða neita sök í málinu.

Í skýrslu sinni við aðalmeðferð málsins sagði ákærða framangreinda afstöðu sína óbreytta. Viðurkenndi hún þannig að hafa framkvæmt allar þær uppflettingar sem tilgreindar væru í ákæru. Ástæðuna fyrir uppflettingum tengdum B kvað ákærða hafa verið þá að hún hefði óttast um líf sitt og annarra fjölskyldumeðlima. Ákærðu hefðu borið hótanir og þá hefði B borið hníf upp að hálsi hennar. Ákærða sagðist ekki hafa kært framgöngu B til lögreglu, einungis tilkynnt um hana. Hún hefði óttast frekari aðgerðir gegn sér, legði hún fram kæru. Tilganginn með uppflettingunum kvað ákærða hafa verið þann að hún hefði viljað kynna sér hver þessi kona væri og á hverju hún gæti átt von.

Uppflettingar tengdar A kvað ákærða aftur á móti hafa tengst „bílavesni“ á milli þeirra A en þau hefðu á þessum tíma verið að ganga frá málum sín á milli.

Við upphaf starfs síns sem landamæravörður sagði ákærða sér hafa verið kynnt að á henni hvíldi þagnarskylda vegna þess sem hún yrði áskynja í starfi sínu. Sagðist ákærða hafa sótt námskeið í upphafi starfs síns. Þá staðfesti ákærða að fyrir hana hefði verið lögð, og hún undirritað, „yfirlýsingu starfsmanns um að hafa kynnt sér reglur um aðgang að landskerfum lögreglunnar.“ Ákærða kvað hins vegar hvergi hafa komið fram í þeirri kynningu sem hún fékk vegna starfsins að misnotkun á lögglukerfinu væri refsiverð.

## III

C aðstoðaryfir lögregluþjónn kvaðst hafa fengið ábendingar frá samstarfsfólki ákærðu um að hún væri að skoða hluti í lögglukerfinu sem ekki tengdust starfi hennar. Í kjölfarið hefði vitnið aflað útprentunar af uppflettingum ákærðu. Vitnið sagði strax hafa blasað við að ýmsar þeirra uppflettinga sem ákærða hefði framkvæmt tengdust ekkert starfi hennar sem landamæravörður. Máli ákærðu hefði í kjölfarið verið vísað til héraðssaksóknara til rannsóknar.

D aðstoðaryfir lögregluþjónn sagði C aðstoðaryfir lögregluþjónn hafa haft samband við embætti Ríkislögreglustjóra á sínum tíma vegna gruns sem þá hefði verið kominn upp um að starfsmaður væri að fletta upp í lögglukerfinu umfram það sem starfsskyldur gerðu ráð fyrir. Óskað hefði verið eftir upplýsingum um allar uppflettingar viðkomandi starfsmanns. Vitnið kvaðst hafa tekið umbeðnar upplýsingar saman og komið þeim til C.

## IV

Ákærða lagði fram greinargerð í málinu með heimild í 1. mgr. 165. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Í henni er meðal annars til þess vísað að ákærða fái hvorki séð að hún hafi nýtt sér þær upplýsingar sem hún fékk með uppflettingum í lögglukerfinu né að með þeim hafi hún hallað á réttindi einstakra manna eða hins opinbera.

Sönnunarbyrðina í málinu segir ákærða hvíla á ákæruvaldinu samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008. Þá sönnunarbyrði hafi ákæruvaldið ekki axlað. Af hálfu ákærðu er því mótmælt að með háttsemi sinni hafi hún brotið gegn 139. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Misnotkun hennar á lögglukerfinu hafi ekki verið refsiverð háttsemi heldur brot í starfi sem borið hefði að taka á með öðrum hætti en saksókn. Ákærða heldur því fram að hvorki í reglum sem gilt hafi um notkun lögglukerfisins á umræddum tíma né siðareglum lögreglu hafi nokkuð það komið fram sem bent hafi til þess að uppflettingar í kerfinu, án ástæðu, féllu undir áður nefnt ákvæði almennra hegningarlaga. Ákærða hafi því ekki haft réttmæta ástæðu til að ætla að með uppflettingunum gerðist hún sek um refsiverða háttsemi.

## V

Svo sem rakið er í II. kafla dómsins hefur ákærða játað að hafa ítrekað flett upp málum í lögreglukefnum tengdum A og B og skoðað þar upplýsingar um þau og lögglumál þeim tengd, svo sem nánar er lýst í ákæru, án þess að uppflettingarnar tengdust starfi hennar sem landamæravörður. Ákærða neitar hins vegar að með því hafi hún misnotað stöðu sína með þeim afleiðingum að hallaði á réttindi A og B.

XIV. kafli almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hefur að geyma ákvæði er varða brot í opinberu starfi. Í máli þessu er ákærðu gefið að sök að hafa með framangreindri háttsemi sinni brotið gegn 139. gr. laganna. Í ákvæðinu er kveðið á um það að hafi opinber starfsmaður, í öðrum tilfellum en lýst er í þeim ákvæðum XIV. kafla sem á undan koma, misnotað stöðu sína sér eða öðrum til ávinnings eða til þess að gera nokkuð það, sem hallar réttindum einstakra manna eða hins opinbera, varði það sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Fyrir dómi staðfesti ákærða að við upphaf starfa hennar sem landamæravörður hefði hún fengið kynningu á reglum um aðgang að landskerfum lögreglunnar. Í málinu liggur frammi skrifleg yfirlýsing ákærðu um að hún hafi kynnt sér þær reglur. Í því skjali er sérstök athygli notenda landskerfa lögreglu meðal annars vakin á eftirfarandi: 1. Notendum er óheimilt að ... gera fyrirspurnir um mál eða einstaklinga ef slíkar fyrirspurnir tengjast ekki málum sem þeir vinna við eða þurfa á að halda í þágu starfa sinna. 2. Starfsmaður sem gerir fyrirspurn í landskerfin getur búist við því síðar að verða spurður um ástæður fyrirspurnar. 3. Óheimilt er að nýta upplýsingar úr landskerfunum í eigin þágu.

Augljóst er í ljósi þess sem að framan er rakið að með því að fletta upp í lögreglukefnum, og afla sér þannig upplýsinga um persónuleg málefni fyrrgreindra tveggja einstaklinga, án þess að þær uppflettingar ákærðu tengdust starfi hennar, misnotaði ákærða aðstöðu sína sem opinber starfsmaður. Uppflettingar ákærðu voru til komnar af persónulegum ástæðum er hana vörðuðu og samræmdust því ekki tilganginum með söfnun og geymslu persónuupplýsinganna. Með því að fletta umræddum lögglumálum upp og kynna sér án heimildar og réttmætra ástæðna persónuupplýsingar, sem skráðar voru í kerfi lögreglu um einstaklingana tvo, hallaði ákærða réttindum þeirra í skilningi 139. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt því og öðru framangreindu þykir ákæruvaldinu hafa tekist að færa á það sönnur, gegn neitun ákærðu, svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, að ákærða hafi með háttsemi sinni brotið gegn 139. gr. almennra hegningarlaga, svo sem henni er gefið að sök í ákæru. Skýringar ákærðu á háttseminni, sbr. þann framburð hennar sem reifaður er í II. kafla dómsins, geta í ljósi framangreindra röksemda engu breytt um þá niðurstöðu. Skýringarnar geta aftur á móti haft þýðingu við mat á því hvað teljist vera hæfileg refsing vegna brotsins.

## VI

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins hefur ákærðu ekki áður verið gerð refsing. Með vísan til þess sem rakið er í V. kafla dómsins þykir 3. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ekki geta átt við er refsing ákærðu er ákveðin. Að broti ákærðu og málsatvikum öllum virtum þykir refsing hennar réttilega ákveðin 100.000 króna sekt og komi átta daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins.

Á grundvelli sakfellingar ákærðu, sbr. 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, verður henni gert að greiða þóknun verjanda síns vegna meðferðar málsins eftir heimvísun þess, sem hæfilega þykir ákveðin svo sem í dómsorði greinir. Í ljósi þess sem áður er rakið um meðferð málsins þykir rétt að sakarkostnaður greiðist að öðru leyti úr ríkissjóði.

Dóm þennan kveður upp Kristinn Halldórsson héraðsdómari. Dómarinn fékk málið til meðferðar 17. september 2018. Fyrir uppsögu dómsins var gætt 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

## D Ó M S O R Ð:

Ákærða, Kristín Valgerður Gallagher, greiði 100.000 krónur í sekt til ríkissjóðs og komi átta daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins.

Ákærða greiði þóknun skipaðs verjanda síns, Þormóðs Skorra Steingrímssonar, 463.760 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum. Sakarkostnaður greiðist að öðru leyti úr ríkissjóði.